

Ræða Gunnars Þ. Andersen, forstjóra Fjármálaeftirlitsins á ársfundi 2010

Ég held að öllum megi vera ljóst eftir kynningu á stefnu Fjármálaeftirlitsins að það er mikill metnaður og hugur í stjórn Fjármálaeftirlitsins og að Lilja Ólafsdóttir og aðrir stjórnarmenn hafa varið miklum tíma í vinnu að þessu verkefni. Þarna er stefnan mótuð og eins og þið sjáð þegar þið skoðið stefnuskjalið betur eru þar einnig talin upp ákveðin og vel afmörkuð verkefni á fjölmögum sviðum sem vinna þarf.

Það er ögrun að starfa eftir þessari stefnumótun. Hún er metnaðarfull í sjálfu sér en jafnframt algjörlega eðlileg. Það er nauðsynlegt að hafa siglingarljós til að fylgja í þeim ólgusjó sem við erum á. Í stefnu stjórnar felst hvatning til okkar hjá Fjármálaeftirlitinu um að gera enn ríkari kröfur til okkar en áður.

Við sem stýrum Fjármálaeftirlitinu vitum að margir horfa til starfa okkar og hafa sterkar skoðanir á því sem við erum að gera og hvað við eיגum að gera. Við megum því gera ráð fyrir að stefnan verði vandlega rýnd af öllum eftirlitsskyldum aðilum, fjölmíðlum og almenningi og að framganga okkar verði þaðan í frá mátuð við það sem þar standur og vísað til hennar ef fólk finnst við ekki standa okkur.

Sú innri stefnumótun sem hefur verið unnin innan Fjármálaeftirlitsins rímar vel við stefnuna sem nú hefur verið lögð fram og þar er meðal annars að finna gildin okkar – áræðni, fagmennsku og festu sem eru öll í takt við innihald stefnunar.

Ráðist hefur verið í mikla greiningarvinnu innan Fjármálaeftirlitsins. Hún var lögð til grundvallar við móton innri áhersla og verklags. Við innri stefnumótunarvinnu okkar var meðal annars tekið mið af gagnrýni sem birtist í Skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis. Nýtt skipurit hefur verið fest í sessi og samhliða hafa einstök svið verið endurskoðuð. Þannig hefur starfsemi lánasviðs verið endurskipulögð og sviðið efti verulega.

Fram kemur í árskýrslunni að starfsmannafjöldi hefur tvöfaldast frá ársbyrjun 2008 og munu starfsmenn brátt losa hundraðið. Munar þar miklu um fjölgun í rannsóknarhópi, nýtt upplýsingatæknisvið, réttarrekningsskilasvið og svið yfirlögfræðings.

Fjármálaeftirlitið á enn eftir að stækka á næstu mánuðum en áætlanir miða að því að starfsmenn verði 117. Við höfum þurft að vaxa til að takast á við erfið verkefni og meiri mannafla er einnig nauðsynlegur á meðan við erum að komast á hærra tæknistig, svo sem að byggja upp gagnagrunna og viðskiptagreind. Við erum að nálgast hápunkt hvað varðar mannafla nema stjórnvöld úthluti okkur einhverjum fleiri verkefnum en við höfum nú. Við vinnum að því að stórauka sérhæfingu og greiningarhæfni okkar sem mun meðal annars skila sér í auknum trúverðugleika með aukinni eftirlitsvirkni. Flestir starfsmenn eru með háskólamenntun og eftir bankahrunið hefur gengið vel að ráða starfsmenn með meiri og fjölbreyttari reynslu en á árunum fyrir hrun. Um mitt ár 2010 var um helmingur starfsmanna með meira en 10 ára hagnýta reynslu.

Á annan tug manna vinna nú hjá Fjármálaeftirlitinu að rannsóknum í tengslum við bankahrunið en við höfum stóreflt rannsóknarhóp sem sinnir athugun á mögulegum brotum í tengslum við það. Við vinnum þar eftir vel afmörkuðu vinnuskipulagi. Innan hópsins starfa tvö teymi hvort undir stjórn reynds

hópstjóra og vinnur hópurinn í nánu samstarfi við sérstakan saksóknara. Við gerum ráð fyrir að vinnunni verði lokið fyrir árslok 2012.

Hlutfallsleg skipting ráðstöfunartíma Fjármálaeftirlitsins milli flokka eftirlitsskyldra aðila árið 2009 var nokkuð ólík því sem verið hefur. Mestur tími fór í lánastofnanir eða 57%. Þá fóru 11% í vátryggingafélög og vátryggingamiðlara en 15% í lífeyrissjóði sem er aukning frá því árið áður en skiptinguna í heild má sjá í ársskýrslunni en þar er einnig yfirlit yfir hlutfallslega skiptingu ráðstöfunartíma Fjármálaeftirlitsins milli helstu verkefna.

Nú eru rúmlega tvö ár liðin frá falli stóru bankanna þriggja. Áfram gætti óróa næstu misseri og fleiri fjármálfyrirtæki féllu. Tveir af viðskiptabönkunum þremur, Arion banki hf. og Íslandsbanki voru teknir yfir af kröfuhöfum – eða með öðrum orðum gömlu bönkunum – á síðari hluta árs 2009. Það ferli átti sér talsverðan aðdraganda og setti Fjármálaeftirliti ströng skilyrði fyrir eignarhaldinu.

Óróleika gætir enn í íslensku fjármálalífi og við erum ekki enn komin fyrir vind. Í kerfinu eru veikleikar sem verður að vinna á. Þar má til dæmis nefna að viðskiptabankarnir þrír eru allir að glíma við að endurskipuleggja útláanasöfn sín. Þetta er stærsti áhættubátturinn í rekstri þeirra og það er mjög mikilvægt að endurskipulagningin heppnist vel og gangi hratt.

Með breytingum á lögum um fjármálfyrirtæki sem gerðar voru í júní á þessu ári fékk Fjármálaeftirlitið frekari valdheimildir. Meðal breytinga sem nefna má í lögunum er að ákvæði sem snúa að endurskoðun eru skerpt og er ábyrgð og hlutverk innri eftirlitsdeilda og áhættustýringar aukin, auk þess sem tímamörk starfstíma endurskoðunarfyrtækis vegna starfa sinna fyrir einstök fjármálfyrirtæki eru þrengd.

Lögð er skylda á fjármálfyrirtæki að afhenda upplýsingar í sérstaka skuldbindingaskrá sem er mikilvægt verkefni til að hægt sé að tengja saman aðila og leggja mat á kerfislæg áhrif, komi til erfiðleika í rekstri þeirra. Í skuldbindingaskrá verður safnað upplýsingum um útlán fjármálastofnana á einn stað þannig að hægt sé að hafa heildarsýn yfir markaðinn. Tilgangur skuldbindingaskrár er að veita eftirlitsaðilum betri yfirsýn yfir kerfislega stórar áhættuskuldbindingar.

Fjármálaeftirlitið skal einnig setja reglur um hvað teljist eðlilegir og heilbrigðir viðskiptahættir. Heimildir fjármálfyrirtækja til að eiga eigin hluti hafa verið þrengdar og bannað er að veita lán með veði í eign hlutabréfum eða stofnfjárbréfum.

Til viðbótar framantöldu má nefna breytingar á ákvæðum sem snúa að kaupum á virkum eignarhlut í fjármálfyrirtæki, auknum kröfum til stjórnarmanna, þar sem bann er meðal annars sett við starfandi stjórnarformönnum, reglum um viðskipti við starfsmenn ásamt því hvernig standa megi að kaupaukakerfum og starfslokasamningum svo nokkuð sé nefnt.

Í ársþyrjun setti Fjármálaeftirlitið á stofn þriggja manna ráðgjafarnefnd um mat á hæfi og hæfni stjórnarmanna fjármálfyrirtækja. Tilgangurinn með ráðgjafarnefndinni er að tryggja að stjórnarmenn búi yfir nauðsynlegri þekkingu og reynslu og séu óháðir.

Meðal þess sem hátt fór fyrr á þessu ári var viðamikil athugun Fjármálaeftirlitsins á lánum tengdum erlendum myntum og mögulegum áhrifum mismunandi vaxtaviðmiða á fjárhagsstöðu fjármálfyrirtækja

eftir að Hæstiréttur hafði úrskurðað um ólögmæti slíkra lána. Fjármálaeftirlitið átti góða samvinnu við bankana við þessa vinnu en í þeim var mikið starf unnið við að safna saman og meta upplýsingar og reyndi þetta talsvert á upplýsingakerfi þeirra.

Fjármálaeftirlitið hafði dregið upp mismunandi sviðsmyndir fyrirfram miðað við hugsanlegar niðurstöður Hæstaréttar og er ljóst að höggið hefði orðið alvarlegt fyrir íslensk fjármálafyrirtæki miðað við dekkstu sviðsmyndirnar og miðað við þá allra dekkstu hefði bankakerfið getað farið á hliðina. Enn ríkir óvissa sem verður ekki eytt nema með nýjum dóum eða nýjum lögum en frumvarp hefur nú verið lagt fram á Alþingi sem, ef verður að lögum, eyðir hluta af óvissunni.

Fjármálaeftirlitið gegndi hlutverki rannsóknaraðila vegna meintra brota á lögum um gjaldeyrismál og reglum settum á grundvelli þeirra, þar með talið brota gegn „gjaldeyrishöftunum“ svonefndu frá lokum árs 2008 fram á mitt þetta ár en þá tók Seðlabanki Íslands við því rannsóknarhlutverki sem Fjármálaeftirlitið hafði gegnt til viðbótar við eftirlitshlutverk sitt. Eftir þessar breytingar endursendi Fjármálaeftirlitið þau mál sem voru til meðferðar hjá stofnuninni ásamt gögnum til Seðlabankans. Nokkur mál höfðu áður verið kærð til efnahagsbrotadeildar ríkislöggreglustjóra.

Í þessari skýrslu er meðal annars að finna umfjöllun um fjármálamarkaðinn og starfsemi einstakra sviða Fjármálaeftirlitsins. Eins og fram kemur hafa viðskipti með hlutabréf á verðbréfamarkaði verið dræm eftir hrunið haustið 2008. Mikil velta hefur á hinn bóginn verið á skuldabréfamarkaði þó svo að skuldabréfaútgáfa hafi verið takmörkuð. Skráð skuldabréf og víxlar eru 87% af markaðsvirði skráðra fjármálagerninga í kauphöll. Sambærilegt hlutfall var hins vegar innan við 37% í lok árs 2007.

Afkoma stóru viðskiptabankanna þriggja var jákvæði árið 2009, svo og á fyrri hluta ársins 2010 en hafa ber í huga að enn ríkir umtalsverð óvissa um gæði láanasafna þeirra. Fram kemur í skýrslunni að aukning hreinnar eignar lífeyrissjóðanna frá árslokum 2008 til ársloka 2009 var 11,1% en það samsvarar um 2,2% raunaukningu miðað við vísitölu neysluverðs. Hrein raunávöxtun lífeyrissjóðanna hækkaði á milli áranna og var 0,3% á árinu 2009 samanborið við 22% neikvæða raunávöxtun árið 2008. Tryggingafræðileg staða lífeyrissjóða án ábyrgðar annarra versnaði á árinu 2009 þriðja árið í röð.

Eignir verðbréfa- og fjárfestingarsjóða jukust um 32% á mill áranna 2009 og 2010. Svo virðist sem að hinn mikli samdráttur sem varð árið áður, en hann nam 72% milli áranna 2008 og 2009, sé að ganga til baka að einhverju leyti. Á vátryggingasviði varð viðsnúnungur í skaðatryggingastarfsemi og voru flest félög rekin með hagnaði á árinu 2009.

Morgunljóst er að þörf er á hagræðingu innan bankakerfisins. Til að svo verði þurfa bæði yfirvöld og eigendur að marka sér stefnu og greiða fyrir nauðsynlegri hagræðingu. Það er ein meginforsenda þess að hér rísi fjármálakerfi sem stendur öflugt til frambúðar.

Reglur og heimildir eftirlitsstofnana ásamt kröfum til fjármálafyrirtækja um eigin- og lausafé eru í mikilli deiglu á alþjóðavettvangi sem og á Íslandi. Þróunin stefnir í þá átt að auka enn frekar samvinnu eftirlitsstofnana yfir landamæri og að því að samræma þau skilyrði sem fjármálafyrirtækjum eru sett.

Fyrirbyggjandi og uppgötvandi eftirlit verður að styrkja. Það kallar á öfluga greiningargetu sem gerir eftirlitsaðila kleift að meta raunverulega stöðu, svo og raunhæfni viðskiptalíkana eftirlitsskyldra aðila og draga ígrundaðar ályktanir um líklega framtíðarþróun. Dagskipun okkar er að nema þróun á markaði og í rekstri fyrirtækja og sýna frumkvæði með því að vinda ofan af óheppilegri þróun á fyrstu stigum í stað bess að takast á við afleiðingar hruns eða falls fjármálafyrirtækja.

Fjármálaeftirlitið mun leggja áherslu á samvinnu á undan valdboði, það er að eiga bein og milliliðalaus samskipti við æðstu stjórnendur eftirlitsskyldra aðila. Leitast verður við að efla traust og gagnkvæma virðingu í samskiptum aðilanna. Unnið verður að nánari útfærslu á leiðbeiningarskyldu með það að markmiði að auka skýrleika og skilvirkni í samskiptum eftirlitsskyldra aðila við stofnunina, meðal annars með útgáfu leiðbeinandi tilmæla. Með því móti er hægt að sveigja starfsemi þeirra í rétta átt án alvarlegra árekstra og formlegs andmælaferlis. Þetta vinnulag flýtir fyrir lausnum. Fjármálaeftirlitið hefur á þessu ári sent frá sér leiðbeinandi tilmæli um bestu framkvæmd við lausafjárstýringu fjármálafyrirtækja og einnig um hæfi lykilstarfsmanna. Búast má við að útgáfa leiðbeinandi tilmæla aukist.

Hjá Fjármálaeftirlitinu starfar duglegt fólk og mikill hugur er í því að hefja stofnunina til vefs sem öflugan eftirlitsaðila sem leggur áherslu á fyrirbyggjandi og uppgötvandi eftirlit. Ég vil nota tækifærið til að þakka öllum starfsmönnum Fjármálaeftirlitsins fyrir mikið og vandasamt starf á erfiðum tínum. Efling fjármálaeftirlits snýs fyrst og fremst um fólk, gjörhygli og eftirlitsvirkni. Við getum verið með fimmtíu þúsund reglur en ef það er ekki skipulag og skilvirkni í eftirlitsstarfseminni sjálfri og að henni staðið af fólk með þekkingu og reynslu mun það ekki hjálpa okkur nokkurn skapaðan hlut.